



Norræna ráðherranefndin
Ved Stranden 18
DK-1061 København
Danmark

Reykjavík, 28. maí 2019
Tilvísun: MMR19050010/30.21.0-

Efni: Svar við skriflegri fyrirspurn frá þekkingar- og menningarnefnd Norðurlandaráðs
E 16/2018

Þann 9. janúar 2019 beindi norræna þekkingar- og menningarnefndin eftirfarandi skriflegu fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:
Hver er áhugi norrænna ríkisstjórna á að vista óbætanlegt efni í heimsskjalasafninu Arctic World Archive til varðveislu fyrir komandi kynslóðir?

Norrænu ríkisstjórnirnar þakka veitt tækifæri til að kanna áhuga í löndunum á því að nýta Arctic World Archive til að varðveita mikilvægan menningararf fyrir komandi kynslóðir.

Að athuguðu máli virðist ekki mikill áhugi á því í neinu norrænu landanna að svo stöddu að vista efni í Arctic World Archive, með fyrirvara um álit Danmerkur. Í tilvikum þar sem sérstakur rökstuðningur kann að liggja fyrir er hugsanlegt að það sjónarmið verði endurskoðað.

Vegna væntanlegra kosninga til danska þjóðþingsins hyggst Danmörk ekki veita ráðgefandi álit að svo stöddu um áhuga dönsku ríkisstjórnarinnar á að vista óbætanlegt menningarefni í Arctic World Archive í skyni varðveislu fyrir komandi kynslóðir.

Norrænu ríkisstjórnirnar líta svo á að stofnanir eigi sjálfar að ákveða hvort þær nýta sér Arctic World Archive og telja ekki að norrænt átak á þessu sviði verði liður í nýju samstarfsáætluninni um norrænt menningarsamstarf sem gilda á frá 2021 til 2024.

Fyrir hönd norrænu menningarmálaráðherranna
Lilja D. Alfreðsdóttir
formaður Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál